

**16. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
20. ágúst 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Björn Guðmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1505067 - Umhverfisverðlaun 2015

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillögu starfshóps um umhverfisviðurkenningar. Ráðið vill þakka starfshópnum vel unnin störf en í honum sátu Drífa Gústafsdóttir, Helena Guttormsdóttir, Kristbjörg Traustadóttir, Jón Þór Guðmundsson og Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri.

2. 1506026 - Mat á umhverfisáhrifum - C flokkur

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að annast fyrir sína hönd ákvarðanir um framkvæmdir í flokki C um mat á umhverfisáhrifum sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 6 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 1505088 - HVE - húsnæði vegna sjúkraflutninga

Sviðsstjóri kynnti hugmyndir HVE varðandi húsnæðismál er tengjast sjúkraflutningum og slökkviliði.

4. 1506064 - Skipulags- og umhverfissvið - fjárhagsáætlun 2016,

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að leggja fram breytingar á starfsáætlun á næsta fundi ráðsins í samræmi við umræður á fundinum.

5. 1408071 - Kirkjubraut 33, eignaskiptayfirl. endurnýjun lóðaleigusamnings.

Málið rætt.

6. 1508278 - Reglur um stöðuleyfi á lóðum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi reglur um stöðuleyfi og vísar þeim til afgreiðslu bæjarstjórnar.

7. 1508105 - Reglur um umgengni á lóðum

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi reglur um umgengni á lóðum og vísar þeim til umsagnar hjá heilbrigðisnefnd Vesturlands.

8. 1508104 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi breyting á deiliskipulagi

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Fyrir liggja hugmyndir um breytingar á skipulagi í Skógarhverfi 2. áfanga en þær eru eftirfarandi:

- a. *Nýtingarhlutfalli einbýlishúsa verði breytt úr 0.5 í 0.35.*
- b. *Tveimur parhúsalóðum og einni raðhúsalóð við Blómalund 1-13, verði breytt í fjórar parhúsalóðir.*
- c. *Fjölbýlishúsalóðum við Akralund 8, 10, 12 og 14 verði breytt í fjórar parhúsalóðir.*
- d. *Sex einbýlishúsalóðum við Baugalund 1, 3, 5, 7, 9 og 11 verði breytt í fjórar parhúsalóðir.*

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að breyta nýtingarhlutfalli einbýlishúsa í Skógarhverfi 2 úr 0.5 í 0.35. Lagt er til við bæjarstjórn að breytingin verði kynnt skv. 1.mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í hugmyndir um skipulagsbreytingu í samræmi við liði b, c og d.

9. 1405059 - Deilisk. - Dalbraut-Þjóðbraut, Dalbraut 6

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði að koma með hugmyndir að mögulegum breytingum deiliskipulagsins m.a. með tilliti til nýtingarhlutfalls á svæðinu.

10. 1508022 - Kirkjubraut 1 - fyrirspurn að byggja ofan á húsið

Málin rædd.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Málið kynnt.

11. 1508129 - Brekkubraut 31, endurnýjun lóðaleigusamnings

Málið kynnt.

12. 1508164 - Vesturgata 139, endurnýjun lóðaleigusamnings

Málið kynnt.

13. 1508183 - Esjubraut 16, endurnýjun lóðaleigusamnings

Málið kynnt.

ETB

14. 1505065 - Suðurgata 64, leiga húsnæðis

Málið kynnt.

15. 1507047 - Starf - verkefnastjóra á skipulags- og umhverfissviði

Sviðstjóri fór yfir ráðningarferlið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Eira Þ. Brundyr

Björn - Guðn
Kristín Sýngveirsdóttir
Keritas Jónsdóttir
Rannveig Svanadóttir
Haldrún Sigurpórsdóttir
Mildur Þryggvason
Sig. Þ. H.